

**Fjórði fundur Félags um menntarannsóknir  
haldinn í húsnæði RKHÍ 12. september 2002 kl. 17:30**

Mættir: Allyson Macdonald, Börkur Hansen, Júlíus K. Björnsson, Kristín Aðalsteinsdóttir og Guðrún Geirsdóttir

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

**2. Málstofa 4. október**

Í tengslum við Rannsóknæving RKHÍ verður félagið með málstofu þann 4. október kl. 13-15. Eftir umræður var samþykkt að þema hennar eða yfirskrift yrði: Tengsl rannsókna og stefnumótunar í menntamálum. Hvernig - hvers vegna?

Rætt var um að skoða mætti viðfangsefnið út frá sjónarhorni rannsókna - umbóta og stefnumótunar og voru að flutningsmenn framsöguerinda valdir með hliðsjón af því.

Drög að dagskrá voru samin og eru:

kl. 13:00 - 13:05 Formleg opnun málstofu

kl. 13:05 - 13:20 Erindi menntamálaráðherra

kl., 13:20 -13:30 Allyson Macdonald

kl. 13:30 - 13:40 Jónína Bjartmarz

kl. 13:40 - 13:50 Júlíus K. Björnsson/Jón Torfi Jónasson

kl. 13:50 - 14:00 Jónmundur Guðmarsson/ Gerður G. Óskarsdóttir

Að loknum framsöguerindum er pallborðsumræða með framsögumönnum og þeim fulltrúum sem nefnir hafa verið hér að ofan til þátttöku.

Guðrún Geirsdóttir stýrir pallborðsumræðum en Börkur Hansen mun draga saman niðurstöður umræðna.

Samið var bréf til menntamálaráðherra sem Allyson tók að sér að ganga frá og senda og að auki hafði hún samband við Jónmund. Júlíus tók að sér að hafa samband við Jónínu. Þau hafa samband við Bök og Guðrúnu sem munu tala við aðra pallborðspátttakendur.

Allyson mun setja stutta tilkynningu inn á vef félagsins og dagskrána sjálfa þegar hún liggur fyrir staðfest.

**3. Önnur mál**

Nanna Reykdal hefur lokið vinnu við hönnun merkis fyrir félagið.

4. Gleymdist að ákveða formlega hvenær næsti fundur verður haldinn.

Fundi slitið um kl. 19:30  
Guðrún Geirsdóttir